

Ed.

1066. Frumvarp til laga

[523. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

3. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., og 25% af innlausn innistæðu húsnæðissparnaðarreiknings, í tengslum við kaup, byggingu eða endurbætur íbúðarhúsnæðisins, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um húsnæðissparnaðarreikninga, hins vegar þegar stofnverðið, söluhagnaðurinn og 25% innistæðuinnlausnar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.

2. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 67. gr. laganna (sbr. 3. gr. l. nr. 121/1984) orðist svo:

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn skattafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

3. gr.

68. gr. laganna (sbr. 4. gr. l. nr. 121/1984) orðist svo:

Skattafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal annars vegar vera persónuafsláttur að fjárhæð 35 000 kr. en hins vegar 25% af því fé sem menn leggja á tekjuárinu inn á bundinn reikning vegna húsnæðissparnaðar skv. lögum um húsnæðissparnaðarreikninga allt að því hámarki er þar getur.

Nemi skattafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattstofni skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá skattafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan skattafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti skattafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður skattafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattstofni hans skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti skattafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna álagningar tekjuskatts á árinu 1986 á tekjur ársins 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um húsnæðissparnaðarreikninga og felur í sér nauðsynlegar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að veittur verði 25% skattafsláttur af því fé sem menn leggja á tekjuárinu inn á húsnæðissparnaðarreikninga í bönkum eða sparisjóðum. Einstakar greinar frumvarps þessa þarfnast ekki skýringar nema hvað tekið skal fram að skattafslátturinn getur orðið lægri en 25% af árlegu innleggi ef vanskil hafa orðið einhvern ársfjórðunginn. Þá leiða vanskil á tekjuárinu í heild til þess að skattafsláttur alls ársins fellur niður og endurgreiða þarf skattafslátt næstu tveggja ára þar á undan. Um þessi atriði vísast að öðru leyti til frumvarps til laga um húsnæðissparnaðarreikninga.